



Festina lente

Þórir Stephensen
fv. dómkirkjuprestur
og staðarhaldari í Viðey.

Reykjavík, 2. apríl 2014.

Umsögn

um þingskjal 635 - 340, 143. löggjafarþings, sem er orðuð svo:

Tillaga til þingsályktunar

um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu
og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Jafnframt ályktar Alþingi að ekki skuli sótt um aðild að

Evrópusambandinu á nýjan leik án þess að fyrst fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort íslenska þjóðin stefni að aðild að Evrópusambandinu.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að treysta tvíhliða samskipti og samvinnu við Evrópusambandið og Evrópuríki.

Bréfitari gerir tvær athugasemdir við ofanritaða þingsályktunartillögu, sem borin er fram af hæstvirtum utanríkisráðherra..

Þar má fyrst telja, að í raun og veru gerir hún formenn stjórnarflokkanna ómerka orða sinna, því þeir gáfu báðir, og einkum þó formaður Sjálfstæðisflokksins, fyrirheit um það í kosningabaráttunni s.l. vor, að samningaviðræðum skyldi lokið og fengu þannig aukið fylgi. Þarna eru því bein svik við kjósendur að dómi bréfitara.

Í öðru lagi gerir bréfitari alvarlega athugasemd við það, að ekki skuli sótt um aðild að ESB á nýjan leik, án þess að fyrst fari fram atkvæðagreiðsla um hvort íslenska þjóðin stefni að aðild að ESB. Í augum ritara er þarna röng hugsun á ferð. Hvaða Íslendingur getur sagt, hvort hann vilji sækja um aðild, fyrr en hann hefur séð samning? Til þess er þetta mál allt of viðamikilið. Því er það í raun móðgun að ætla svo upplýstri þjóð sem Íslendingar eru, að kjósa blindandi. Þetta ber sterk einkenni flokkraðis, sem gerir yfirleitt lítið með einstaklingsviljann og lýðræðið.

D. u. s.

Þórir Stephensen

010831-2109

Til Utanríkismálanefndar Alþingis.

